

234. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

Fundarefni:	Skv. dagskrá fundar		
Fundardagur:	11.12.2013	Fundartími:	17.00 – 18.30
Fundarstaður:	Danfoss, Skútuvogi	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Grétar Leifsson (GL), Kristján Ottósson (KO), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Kristján Kristjánsson (KK), Benedikt Jónsson (BJ), Snæbjörn R. Rafnsson (SRR), Steinar Gíslason (SG), Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson (VPV), Þórður Búason (ÞB), Valdimar K. Jónsson (VKJ) og Kjartan Mar Eiríksson (KME)		
Forföll:	Sigurður Sigurðarsson (SS)		

1. Fundur settur. Stjórnarfundur nr. 234 settur af formanninum, Grétari Leifssyni. Formenn fagraða og aðrir er tengjast Lagnafélaginu hafa verið boðaðir á þennan fund.
2. Fundargerðir tveggja síðustu funda. GL fór yfir fundargerðir frá tveimur síðustu fundum. Engar athugasemdir voru gerðar við þær.
3. Lofsvert lagnaverk. BJ gerði grein fyrir athöfninni í Hofi á Akureyri ásamt ÞB. Almenn ánægja virðist vera með bygginguna hjá Akureyringum. VKJ fór yfir það að merkingar búnaðar var ábótavant auk þess sem handbók vantaði þegar LAFÍ heimsótti bygginguna fyrir einu og hálfu ári síðan. KO hefur síðan þá farið þrisvar norður og haldið fundi með hönnuði, og var handbók hússins unnin eftir forskrift Lagnafélagsins, ásamt merkingum á búnaði. Samvinnan við norðanmenn var til fyrirmyndar. Umræða skapaðist um mikilvægi handbóka almennt og hvernig staðan er í dag. SRR benti á og hefur tekið eftir því í útboðum að handbókum er gefið meira vægi nú en áður.
4. Ráðstefnan 20.11.2013. KO tilkynnti að um 30 manns hefðu mætt á ráðstefnuna. Þetta er verst sóttu ráðstefna Lagnafélagsins frá upphafi. KOS gerði stuttlega grein fyrir erindunum. Þá var jákvætt að sjá pípulagnamenn á svæðinu og sköpuðust góðar umræður við formann félags pípulagnameistara ofl. SG tók undir þetta og bætti við að hann hefði viljað sjá fleiri mæta á þessa ráðstefnu. T.a.m. voru engir mættir frá Verkís né Mannvit þó svo að ráðstefnan hafi verið haldin í sal Verkís að Suðurlandsbraut 4. Þá er rétt að geta þess að Félag blikksmiðjueigenda hafnaði þátttöku í ráðstefnunni. Erindin verða birt í Lagnafréttum nr. 42.
5. Útgáfan. Fréttabréf 120 var gefið út um daginn. Fréttabréf 121 og Lagnafréttir 42 eru í vinnslu.

6. Lagnakerfamiðstöð Íslands. GL fór yfir samskipti Lagnafélagsins við Tækniskólann fram að þessu. Það er sama hvað Tækniskólinn hefur sagt, engin breyting hefur orðið á núverandi stöðu miðstöðvarinnar.
KO hefur tekið saman bók um sögu og ástand Lagnakerfamiðstöðvarinnar í dag og var hún afhent Illuga Gunnarssyni, menntamálaráðherra á stuttum fundi sem KO, VPV og VKJ, áttu með honum um daginn. Ráðherra hefur lofað að ræða þetta mál betur við þá.
KO nefndi að ef ráðherra bregst ekki við þessu verði farið með þetta í fjölmiðla. KO, VPV og VKJ hafa tekið saman bréf um tilurð og stöðu miðstöðvarinnar núna og fór VPV í stuttu máli yfir það. VPV lagði áherslu á að ef áætlanir Tækniskólans, um að losa búnaðinn út úr húsinu og selja/leigja það síðan á opnum markaði, ganga eftir er það skýrt brot á þeim samningi og áætlunum yfirvalda sem styrktu byggingu hússins á sínum tíma.
Húsið er ætlað að efla menntun lagnamanna á Íslandi. Lagnafélagið ætti að einblína fyrst og fremst á það. ÞB segist hafa heyrt áhyggjur manna í samfélaginu af slakri menntun sem iðnaðarmenn séu að fá í Tækniskólanum. Sama gildi ekki um Iðnskólann í Hafnarfirði, en SG telur að sú stofnun sé frekar þjökuð af því að vanta fé til reksturs.
7. Greinar í fréttabréfið. KO biður stjórnarmenn um greinar í fréttabréfið. VPV benti á hvort vit væri í að leita út fyrir hóp lagnamanna varðandi greinar, s.s. eins og til ráðherra eða stjórnálagamanna. KO lagði áherslu á að greinarnar þyrftu að koma frá mönnum í faginu. Það væri mikilvægt að það væri aðilar með þekkingu á iðngreinunum, sem skrifuðu greinar. SRR bætti þó við að þessi mál fengju e.t.v. meiri vigt ef ráðherrar eða aðrir valdamenn myndu fjalla um þau.
8. Önnur mál. Kristján Ottósson hefur ákveðið að stefna að því að hætta sem framkvæmdastjóri Lagnafélags Íslands á komandi sumri.
Ljóst er að þetta mun hafa afgerandi áhrif á afdrif Lagnafélagsins og mun stjórnin fjalla um það síðar.

Boðað verður til næsta stjórnarfundar síðar.